


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Handlæknishjúkrun HJÚ403 Kennsluáætlun haustönn 2013	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	María Albína Tryggvadóttir	Sk.st.	MAL.
----------------	-----------------------------------	---------------	-------------

Netfang kennara: maria@vma.is

Undanfari: HJÚ203, LOL203, SJÚ103

Áfangalýsing: Í áfanganum er fjallað um hjúkrun sjúklinga fyrir og eftir skurðaðgerðir. Fjallað er um hjúkrun sjúklinga eftir slys. Gerð er grein fyrir ástandi sem getur leitt til missis líkamshluta og fjallað er um breytta líkamsímynd. Farið er í helstu rannsóknir sem gerðar eru á sjúklingum fyrir og eftir skurðaðgerðir. Fjallað er um mismunandi undibúning sjúklinga fyrir rannsóknir og skurðaðgerðir.

Meginmarkmið: er að nemandi öðlist þekkingu á hjúkrun sjúklinga sem gangast undir skurðaðgerðir. Einnig að nemandi þekki síbreytilegar hjúkrunarþarfir sem tengjast heilsubresti og breyttri líkamsímynd eftir skurðaðgerðir.


Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandi að

- þekkja helstu tegundir skurðaðgerða
- skilja og virða ólíka upplifun á því að gangast undir skurðaðgerð
- þekkja og geta útskýrt algengustu rannsóknir sem gerðar eru fyrir aðgerð
- þekkja og geta útskýrt helstu atriði í undirbúningi sjúklinga fyrir aðgerðir
- geta gert grein fyrir helstu athugunum á sjúklingi eftir aðgerðir
- geta útskýrt muninn á deyfingu og svæfingu
- geta útskýrt mikilvægi nákvæmrar skráningar í hjúkrun eftir aðgerðir
- geta útskýrt ólík viðbrögð einstaklinga við bráðri innlögn á sjúkrahús
- geta talið upp einkenni losts
- þekkja forsendur vökvagjafa í æð og geta útskýrt mikilvægi réttrar umgengni við æðaleggi
- þekkja einkenni aukaverkana við blóðgjafir og viti hvernig skal bregðast við þeim
- þekkja sogtæki og geta útskýrt í hverju notkun þeirra felst
- þekkja forsendur sondugjafar
- þekkja helstu gerðir stóma og algengustu orsakir þess að einstaklingur fær stóma
- geta meðhöndlað hjálpartæki stómaþega
- geta útskýrt muninn á slagæða-og bláæðasárum, skurðsárum og áverkasárum og útskýrt algengustu meðferðir við sáragræðingu
- þekkja mismunandi umgengnisreglur við sjúklinga sem hafa hrein eða sýkt sár
- þekkja algengustu gerðir sáraumbúða og geta umgengist sóttreinsaðar sáraumbúðir rétt
- þekkja einkenni og orsakir bráðra verkja og algengustu bjargráð
- þekkja helstu gervilimi og -líffæri
- geta gert grein fyrir viðhorfum sínum til líffæraígræðslu og líffæragjafa

Námsgögn: Á moodle/hefti

Verkefni: 2-3 skilaverkefni auk verkefna í kennslutíma. Nánari upplýsingar á önninni.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	Handlæknishjúkrun HJÚ403	
Síða 2 af 2	Kennsluáætlun haustönn 2013	

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skriflegt	Lokapróf í annarlok. Lágmarkseinkunn 4,5 til að aðrir matsþættir gildi.	60,00%
Hlutapróf	Hlutapróf, I og II (10% + 10%)	20,00%
Frammistaða á önn	Verkefnavinna, virkni og mæting.	20,00%
Annað	Til að námsþáttur gildi til lokaeinkunnar þarf nemandi að ná 4,5 á lokaprófi.	

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni
34.-36. vika	Innlögn á sjúkrahús, undirbúningur og rannsóknir (blóðrannsóknir, myndgreiningar og speglanir). Meðferð við verkjum, æðaleggir og fylgikvillar skurðaðgerða. Gerviliðir. Svæfingar og deyfingar.	Hlutapróf I
37.-39. vika	Nemar í verklegu námi (09.09.13 - 27.09.13).	
40.-42. vika	Skurðaðgerðir, blóðgjöf, kerar, sog, Sár og sárameðferð. Umbúðir, sýkingar, smitgát.	
43.-45. vika	Blæðingar og lost. Gervilimir, gervibrjóst, draugaverkir og líkamsímynd. Stóma og sondunæring.	Hlutapróf II
47.-48. vika	Höfuðáverkar, slys, líffæragjafir og líffæraígræðsla. Upprifjun f. próf.	

Kennari áskilur sér rétt til breytinga á yfirferð námsefnis.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils